



## Ráðningarsamningur bæjarstjóra 2018 - 2022

Með vísan til samþykktar bæjaráðs í umboði bæjarstjórnar frá 2. ágúst 2018 gera Akureyrarbær kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Ásthildur Sturludóttir, kt. 100674-3199 með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. Ásthildur er ráðin bæjarstjóri á Akureyri frá 14. september 2018 til loka þessa kjörtímabils sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar frá 17. janúar 2017 með síðari breytingum.
2. Föst dagvinnulaun bæjarstjóra skulu vera kr. 1.150.000 á mánuði. Mánaðarlaun bæjarstjóra taka breytingum samkvæmt launavísitölu í janúar og júlí ár hvert.
3. Bæjarstjóri fær greitt stjórnendaálag sem nemur 45% af mánaðarlaunum. Stjórnendaálag er þóknun fyrir unna yfirvinnu og allt áreiti utan dagvinnutíma, undirbúning, ferðatíma, móttökur gesta og hvað annað vinnuframlag sem til fellur utan dagvinnutíma. Greitt er 13,04% orlof á stjórnendaálag.
4. Akureyrarbær greiðir mótframlag af launum bæjarstjóra til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Iðgjald Akureyrarbæjar skv. samþykkt LSS er nú 11,5% og iðgjald bæjarstjóra er 4%. Þá greiðir Akureyrarbær mótframlag í séreignarlífeyrisjóð allt að 2% mótframlag gegn samsvarandi framlagi bæjarstjóra skv. samningi aðila þar um.
5. Bæjarstjóri fær ekki greitt sérstaklega fyrir setu á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs eða öðrum fundum fastanefnda Akureyrarbæjar.
6. Orlof er 30 virkir dagar á ári.
7. Bæjarstjóri fær greitt fyrir akstur í þágu vinnuveitanda á eigin bifreið skv. skráningu á akstursdagbók í Vinnustund í samræmi við verklagsreglur Akureyrarbæjar um akstur í þágu vinnuveitanda dags. 1. febrúar 2018, með síðari breytingum. Á ferðalögum á vegum Akureyrarbæjar greiðist ferðakostnaður skv. reikningum.
8. Bæjarstjóri skráir viðveru vegna starfa sem bæjarstjóri í vakta- og viðverukerfið Vinnustund í samræmi við gildandi verklagsreglur hjá Akureyrarbæ.
9. Akureyrarbær greiðir kostnað bæjarstjóra vegna notkunar á farsíma ásamt kostnaði vegna heimanettengingar.
10. Akureyrarbær leggur bæjarstjóra til farsíma og fartölvu til notkunar í störfum sínum.
11. Akureyrarbær kaupir líf- og slysatryggingu fyrir bæjarstjóra skv. gildandi samningi Akureyrarbæjar við tryggingafélag sveitarfélagsins þar um.



12. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á kjörtímabilinu er þrjú mánuðir. Samkomulag er um að við starfslok í lok kjörtímabils verði laun greidd á uppsagnarfresti í þrjú mánuði og að auki þriggja mánaða biðlaun.
13. Að öðru leyti en tilgreint er í samningi þessum gilda almenn ákvæði gildandi kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannþjónustu, eins og á við hverju sinni.

Akureyri,

---

Ásthildur Sturludóttir  
bæjarstjóri

---

Halla Björk Reynisdóttir  
forseti bæjarstjórnar